

1285. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. nóvember 2025, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Andrea Rut Pálsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Þórir Hilmarsson, Birgitta Ragnarsdóttir, Eldar Ástþórsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Selma Björk Grétarsdóttir.

Fjarverandi: Jennifer Schröder og Karl. F. Thorarensen.

Næsti fundur: 3. desember 2025.

Halla óskaði eftir að gera dagskrárbreytingu, lið #11, Aðgerðaráætlun framtíðarnefndar VR, verði frestað að ósk nefndarinnar, en í staðinn verði rætt um kauptilboð sem gert hefur verið í orlofshús. Þá óskaði Halla eftir að lesa upp bréf frá stjórnarkonunni Diljá Ámundadóttur Zoega. Engar athugasemdir voru gerðar við þessar breytingar.

Halla las því næst upp bréf frá Diljá sem óskaði eftir því að það yrði fært til bókar. Bréfið er sem hér segir:

Kæru félagar,

Það er komið að kveðjustund.

Vegna breyttra aðstæðna er ég því miður ekki lengur kjörgeng í stjórn VR og ætla því að stíga til hliðar frá og með núna.

Það er ekki auðvelt að kveðja, því á þessum tíma, sem ég hef setið í stjórn VR, hef ég fundið hvað það skiptir miklu máli að við innan verkalýðshreyfingarinnar beitum okkur fyrir breiðari sýn á það hvað heilbriggt starfsumhverfi þýðir í raun.

Ég bauð mig fram til stjórnar VR í upphafi árs 2024 með tvær megináherslur: annars vegar **geðheilbrigði í atvinnulífinu** og hins vegar **málefni foreldra langveikra og fatlaðra barna á vinnumarkaði**.

Þessi málaflokkar eru nátengdir, því á bak við tölurnar í sjúkrasjóði VR eru raunverulegar manneskur; fólk sem er að glíma við andlegt álag og áskoranir, foreldrar sem eru að reyna að halda utan um líf, vinnu og barn sem þarf mikla



umönnun. Það eru sögur af fólki sem hefur þurft að stíga tímabundið út af vinnumarkaði vegna þess að það hefur einfaldlega gengið of langt, of lengi.



Þegar við tölum um vinnuafli, framleiðni og afköst, þá verðum við líka að tala um manneskjuna sjálfa. Um líðanina, svefninn, orkuna og álagið sem fylgir því að reyna að halda öllu saman. Mannlegir innviðir eru dýrmætasta auðlind hvers samfélags.

Geðheilbrigðismál hafa of lengi verið sett til hliðar og mætt afgangi í samfélaginu.

Þau eru enn oftar en ekki flokkuð sem einkamál eða heilbrigðismál, en þau eru líka verkalýðsmál. Þau eru, að mínu mati, jafn mikilvæg og laun, orlof og réttur til hvíldar. Það þarf að taka vel utan um þennan málaflokk alls staðar, ekki bara innan heilbrigðiskerfisins heldur líka innan vinnustaðanna, innan stéttarfélaganna og í allri stefnumótun.

VR getur verið leiðandi afl í þeirri breytingu, með því að viðurkenna að geðheilbrigði er hluti af vinnuvernd, af mannréttindum og af sjálfri reisninni sem fylgir því að vera launamaður.

Ég vil þakka ykkur fyrir samstarfið, fyrir samtölin og fyrir að taka þessum áherslum mínum með virðingu. Ég skil eftir mig von og trú á að þessi mál verði áfram rædd og sett í forgang innan stjórnarinnar, ekki bara af tillitssemi, heldur af ábyrgð gagnvart félagsfólkinu okkar.

Með hlýjum kveðjum og gangi ykkur vel
Diljá

1. Fundargerð 1284. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerð 1284. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og send í rafræna undirritun.

2. Kjaramál – staðan

Fyrir fundinum lágu skjölin „2.0 Umsögn VR um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla í Reykjavík“ til kynningar.

Halla fjallaði fyrst um þær uppsagnir sem hafa verið síðustu misseri og eru til marks um að samdrátturinn sem Seðlabankinn kallar eftir komi fram í auknu atvinnuleysi. Þegar Play féll misstu 64 VR félagar vinnuna, kjaramálasvið félagsins gerir nú kröfu í protabúið fyrir hönd 50 félaga. Í kjölfar falls Play, var milli 30 – 40 VR félögum sagt upp hjá Airport Associates, Icelandair hefur sagt upp 20 félögum í VR og Sambíóin um 30 VR-ingum.

Halla sagði VR halda vel utan um sitt fólk sem fengi þjónustu kjaramálasérfræðinga og stuðning, m.a. í formi upplýsinga- og stuðningsfundar sem nýlega var haldinn fyrir félagsfólk sem misst hefur vinnuna. Fleiri slíkir fundir verða haldnir á næstunni.

Seðlabankinn hefur notað launaskrið á vinnumarkaði sem rök fyrir því að halda vöxtum háum. Halla sagði að VR og ASÍ skoði nú þróun heildarlauna en Seðlabankinn byggir sínar spár á þróun launavísitölu Hagstofunnar sem notast við tímakaup. Nær sé að nota heildarlaun en þar er launaskrið minna en mælist hjá Hagstofu. Halla sagði mikilvægt að Seðlabankinn líti til þess hvað launafólk hefur á milli handanna, ekki eingöngu tímakaups.

Þá sagði Halla frá því að tölur frá Rannsóknarsetri verslunarinnar sýni í fyrsta skipti samdrátt í netsölu milli mánaða (ágúst til september) en netsala hefur alltaf aukist milli mánaða. Þetta gæti verið til marks um að fólk sé að draga saman seglin. Setrið hefur nú aðsetur á skrifstofu VR einn dag í viku sem styrkir samskipti og samstarf félagsins við það.

Því næst fjallaði Halla um stöðu leikskólamála en VR hélt nýverið fund með foreldrum í VR sem eiga börn á leikskólaaldri. Á þann fund var boðið fulltrúum leikskólaráðs í Kópavogi sem reið á vaðið með umfangsmiklar breytingar á leikskólamálum sem önnur sveitarfélög eru að taka upp. VR hefur gert alvarlegar athugasemdir við þessar breytingar. Halla sagði upplýsingastríð í gangi um málaflokkinn sem glögg hafi komið fram á fundinum og ekki hægt að nálgast þau gögn sem t.d. Reykjavíkurborg byggir tillögur sínar að breytingum á leikskólamálum á. VR hefur sent inn umsögn um þessar breytingatillögur borgarinnar og eru skilaboðin skýr, farið aftur að teikniborðinu og takið hagsmuni foreldra með í reikninginn frá upphafi.

VR sendi einnig inn umsögn um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar sem birt var nýlega. Halla fór á fund fjárlaganefndar þar sem hún fór yfir athugasemdir félagsins við frumvarpið og hvatti nefndina til að falla frá auknum álögum á launafólk sem finna má í frumvarpinu.

Halla sagði frá nýlegum formannafundi ASÍ þar sem VR lagði fram tillögu um að sambandið taki til umræðu félagsaðild en nokkur misbrestur er á því að launafólk sé í réttu stéttarfélagi. Tillögunni var vel tekið og var hún samþykkt, sem þýðir að miðstjórn tekur málið til umfjöllunar. Umræðan varð þó á þann veg að fjalla um félagsaðild samhliða umfjöllun um skipulag ASÍ sem að mati Höllu gengur illa saman.

Að lokum fór Halla yfir stöðuna í lífeyrismálum en umræður eru um tillögur um afnám jöfnunarframlags til lífeyrissjóða og víxlverkun greiðslna örorkulífeyris. Halla sagði fjármálaráðherra hafa samþykkt að veita fjármagni til að tryggja að jöfnunarframlag til lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði þeirra verði greitt á næsta ári svo hægt verði að vinna þetta áfram. ASÍ hefur skipað samninganefnd um lífeyrismál, sem formaður VR á sæti í, og hefur hún fundað tvívegis með SA sem leggja mikla áherslu á málið.

Umræður

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætir til fundar kl. 18:10.

3. Húsnæðistillögur stjórnvalda og vaxtadómur

Fyrir fundinum lágu skjölin „3.0 Húsnæðistillögur stjórnvalda“, „3.1 Húsnæðispakki stjórnvalda“ og „3.2 Vaxtadómur“ til kynningar.

Halla fór yfir kynningu um hvað felst í húsnæðispakka stjórnvalda sem kynntur var nýlega. Hún sagði að almennt hafi fólk verið jákvætt um innihaldið fyrst í stað en að það hafi vikið fyrir aukinni neikvæðni eftir því sem fólk kynnti sér betur hvað fælist í honum. Vaxtadómurinn svokallaði náði til óverðtryggðra lána á breytilegum vöxtum en hann olli óvissu um verðtryggð lán þar sem skilmálar eru enn óljósari.

Halla sagði ný vaxtaviðmið bankanna í kjölfar dómsins geta skýrt betur hvert álag bankanna sé og ýtt undir samkeppni. Það eigi eftir að koma í ljós hvort sátt sé um þau en óljóst er hvernig útfærslu verður háttað. Hún leggur til vinnufund húsnæðisnefndar VR, opinn öllu stjórnarfólki, þar sem fengnir verði gestir til að fara yfir verðtryggingu og viðmið.

Hvað varðar húsnæðismálin sjálf kemur fram að verið sé að hækka hlutfall stofnframlaga óhagnaðardrífna húsnæðisfélaga úr 30% í 35% en Halla bendir á að vandinn hafi ekki falist í skorti á stofnframlögum heldur að það hafi vantað lóðir. Þá er gert ráð fyrir einföldun á regluverki en erfitt er að festa fingur á hvað nákvæmlega felst í því, sagði Halla.

Tillaga um uppbygginu í Úlfarsárdal virðist óljós varðandi fjölda íbúða og hlutverk og stofnun innviðafélags sem lagt er til. Slík verkefni leiði oftast til meiri kostnaðar fyrir kaupendur en ef þau eru fjármögnuð af hinu opinbera. Ánægja er almennt með tillögur varðandi hækkun framlaga til hlutdeildarlána um 1,5 ma.kr. sem og tillögur um að gera nýtingu séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán varanlega og verður heimilt að ráðstafa þeim sparnaði skattfrjálst inn á lán í 10 ár. Hvað séreignarsparnaðinn varðar sagði Halla vonast til að þarna væri kominn vísir að lausn sem sátt gæti ríkt um en hins vegar er útfærslan enn á reiki.

Í tillögunum er reynt að draga úr hvötum til að safna íbúðum, m.a. með því að draga úr skattfrelsi söluhagnaðar og afslætti frá fjármagnstekjuskatti sem og takmarka Airbnb.

Þá kom Halla inn á umræður um evru og aðild að ESB sem hafa átt sér stað í þjóðfélaginu undanfarin misseri og sagði þessa umræðu munu halda áfram. Verið sé að leita eftir afstöðu verkalyðshreyfingarinnar og e.t.v. væri ástæða til að kanna hug félagsfólks VR.

Umræður

4. Félagsdómur um greiðslu á rauðum dögum sem lenda á helgi

Fyrir fundinum lá skjalið „4.0 Félagsdómur um greiðslu á rauðum dögum“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir skjalið. Lengi hefur verið deilt um greiðslur fyrir vinnu á rauðum dögum sem lenda á helgi, þetta á við um óreglulegar vaktir t.d. í verslunum. Túlkun VR hefur verið sú að starfsfólk ætti að fá greidda dagvinnu, t.d. þegar 17. júní fellur á laugardag og það er í frí þann dag. En SA hefur haldið því fram að þar sem ekkert er um þetta fjallað í kjarasamningi sé engin greiðsluskylda á slíkum dögum. Ekki er deilt um greiðsluskyldu ef lögbundnir frídagar lenda á virkum dögum. VR tapaði málinu fyrir félagsdómi. Meginrök Félagsdóms eru að ekki er fjallað um greiðslur á frídögum í kjarasamningi VR við SA hvorki á virkum dögum né um helgar og þó greitt sé fyrir frídag á virkum dögum þá getur sú greiðsluskylda ekki náð yfir helgar.

Lögð verður áhersla á að gera kröfu um að leiðrétta þetta í næstu kjarasamningum. VR ítrekar við sitt félagsfólk að ekki sé vinnuskylda á rauðum dögum.

Umræður

5. Starfs- og fjárhagsáætlun VR fyrir árið 2026

Fyrir fundinum lágu skjölin „5.0 Starfs- og fjárhagsáætlun VR 2026 kynning fyrir stjórn“, „Starfs- og fjárhagsáætlun VR“. „Rekstraráætlun VR 2026 á skóði“ og „Fjárhagsáætlun VR 2026“ til kynningar. Áætlun mun liggja milli funda en greidd verða atkvæði um hana á desemberfundi stjórnar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir áætlunina sem var unnin eins og verið hefur undanfarin ár.

Helstu grunnforsendur eru að félagsfólki fjölgi um 1% milli ára, heildarlaun hækki um 4,9%, verðbólga verði 4% og atvinnuleysi 2,25%. Tekjur árið 2026 eru áætlaðar 7,3 ma.kr. sem er 5,4% hækkun og útgjöld eru áætluð 7,4 ma.kr. sem er 6,1% hækkun. Hreinar tekjur til ráðstöfunar eru áætlaðar 742,1 m.kr.

Sjúkradagpeningar eru áætlaðir tæplega 3,2 ma.kr. sem er 6,6% hækkun milli ára. Sjúkradagpeningar sem hlutfall af iðgjöldum í Sjúkrasjóð VR eru áætlaðir 89,5%. Miðað við fulla þátttöku Sjúkrasjóðs í VR varasjóði, 659 m.kr., yrði Sjúkrasjóður rekinn með tapi uppá 375 m.kr., að teknu tilliti til fjármagnsliða.

Í fjárhagsáætlun er lagt til að leiga orlofshúsa hækki um 3,5%. Niðurgreiðsla VR á orlofshúsum félagsins er að jafnaði um 12 þúsund krónur á nótt.

Í atkvæðagreiðslu meðal félagsfólks í haust var samþykkt að halda styrkjakerfi félagsins óbreyttu, þ.e. VR varasjóði. Lagt er til óbreytt framlag í sjóðinn á árinu 2026 eða 1.050 m.kr.

Umræður

Bjarni Þór Sigurðsson fór af fundi kl. 19:50.

6. Fæðingastyrkur

Fyrir fundinum lá skjalið „6.0 Fæðingastyrkur“ til kynningar.

Halla benti á að í aðdraganda kosninga um styrkjakerfið hafi stjórn samþykkt að fæðingastyrkur yrði hluti af styrkjafyrirkomulagi VR, hvort sem nýtt styrkjakerfi yrði tekið upp eða VR varasjóður héldi áfram. Beðið var með umræður um mögulegar útfærslur og fjármögnun þar til niðurstaðan lá fyrir en hún var sú að halda áfram með VR varasjóð.

Stefán sagði áætlanir gera ráð fyrir styrk að upphæð 100 þ.kr. Áætlaður heildarkostnaður er á bilinu 120 – 300 m.kr., eftir því hversu margir myndu nýta sér það. Ljóst er að Sjúkrasjóður VR hefur ekki burði til að standa straum af kostnaðinum, miðað við óbreytta stöðu.

Mögulegar leiðir til að fjármagna fæðingarstyrk eru ma. að lækka innborgun í VR varasjóð, stytta bótatímabil Sjúkrasjóðs VR, taka tillit til greiðslna Sjúkratrygginga við greiðslu sjúkradagpeninga eða minnka framlag í Vinnudeilusjóð.

Umræður

Í umræðum var óskað eftir samanburði sjóða stéttarfélaga.

Halla lagði til að málinu verði vísað til vinnufundar Sjúkrasjóðs VR sem haldinn verður á næstunni. Samþykkt.

7. Jafnréttisstefna VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „Breyting á jafnréttisstefnu VR minnisblað“ og „Tillaga að jafnréttis- og mannréttindastefnu VR“ til kynningar og afgreiðslu.

Skjalið lá milli funda. Engar athugasemdir bárust og var breytt stefna lögð í atkvæði fundarins.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Skipun í kjörstjórn VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Tillaga um kjörstjórn VR 2026 og 2027“ til afgreiðslu.

Kjörstjórn VR hefur verið skipuð til tveggja ára í senn og rennur skipunartími núverandi stjórnar út í desember 2025. Lagt er til að kjörstjórn fyrir árin 2026 og 2027 verði óbreytt frá því sem nú er.

Aðalmenn:

Þóra Skúladóttir Öfjörð
Þorsteinn Þórólfsson

Varamenn:

Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir
Stefán Viðar Egilsson

Í samræmi við 19. gr. laga VR er lagt til að leitað verði til ASÍ með að skipa einn aðalmann og einn til vara í kjörstjórn VR.

Tillagan var lögð í atkvæði fundarins.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Tillaga um uppstillinganefnd VR

Fyrir fundinum lá skjalið „9.0 Tillaga uppstillinganefnd VR 2026 – 2028“ til afgreiðslu.

Hlutverk uppstillinganefndar í aðdraganda kosninga til trúnaðarráðs er skilgreint í gr. 20.2 í lögum VR: „Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.“

Stjórn VR leggur tillögu að skipan uppstillinganefndar fyrir fund trúnaðarráðs. Tillaga er gerð að eftirtöldum í uppstillinganefnd:

Aðalmenn:

Halla Gunnarsdóttir
Phoenix Jessica Ramos
Arnar Þorvarðarson
Jón Tryggvi Unnarson Sveinsson
Nadia Tamimi

Varamenn:

Paula A. Rodriguez Sanches
Björg Gilsdóttir
Stefán Viðar Egilsson
Svanur Þór Valdimarsson

Tillagan var lögð í atkvæði fundarins.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Sumarskóli UNI Europa og þing ASÍ-ung

Fyrir fundinum lá skjalið „10.0 Sumarskóli UNI Europa“ til kynningar.

Stjórnarmennirnir Andrea Rut Pálsdóttir og Styrmir Jökull Einarsson fóru fyrir hönd VR í sumarskóla UNI Europa 2025. Andrea kynnti skýrslu þeirra um skólann.

UNI Europa er hluti af UNI Global sem eru regnhlífafarsamtök stéttarfélaganna í 150 löndum sem í eru um 20 milljónir einstaklinga. Um 30 ungmenni frá 11 löndum tóku þátt í skólanum sem fólst m.a. í umræðum og verkefnum. Í máli Andreu kom fram að námið hafi reynst bæði lærdómsríkt og krefjandi.

Að þessu loknu kynntu Andrea og Birgitta Ragnarsdóttir þing ASÍ Ung en það var haldið 17. október sl. Þingið sátu 23 fulltrúar frá 15 félögum innan ASÍ. ASÍ Ung er ungliðahreyfing innan Alþýðusambandsins sem tryggir að hagsmunamál ungs fólks á vinnumarkaði séu ávallt á dagskrá. Hreyfingin er vettvangur fyrir ungt fólk til að hafa áhrif, taka þátt og vinna saman þvert á félög. Stjórn ASÍ ung er með sæti í öllum nefndum innan ASÍ ásamt því að vera með áheyrendafulltrúa á miðstjórnarfundum.

Á þinginu fór fram öflugt málefnnastarfið þar sem fjallað var um málefni barnafjölskyldna, húsnæðismál, kjarabrot og samgöngumál. Niðurstaða þingsins voru fjórar ályktanir sem marka stefnu nýrrar stjórnar um málefni barnafjölskyldna, húsnæðismál, samgöngumál og kjarabrot. Ályktanirnar má lesa [hér](#).

Tveir fulltrúar VR voru kosnir í aðalstjórn ASÍ Ung, Styrmir Jökull Einarsson og Þorvarður Bergmann Kjartansson sem jafnframt var kosinn varaformaður. Andrea Rut Pálsdóttir var kosin varamaður.



Umræður

Í umræðum bentu þær Andrea og Birgitta á mikilvægi þess að ungt fólk taki þátt í störfum verkalyðshreyfingarinnar og hvöttu VR til að bjóða fleira ungu fólki þátttöku.

11. Orlofshús

Fyrir fundinum lá skjalið „Kaup á orlofshúsi í Stykkishólmi“ til afgreiðslu.

Stefán kynnti tillögu um kaup á eigninni Arnarborg 9 við Stykkishólm. Í starfs- og fjárhagsáætlun VR fyrir árið 2025 var samþykkt að gera ráð fyrir kaupum á þremur til fjórum nýjum orlofshúsum á árinu 2025 og sölu á þremur eignum. Í samræmi við það er búið að ganga frá kaupum og standsetningu á eign í Hálöndum við Akureyri, Hraunbrekkum í Húsafelli og nú liggur fyrir samþykkt kautilboð í orlofshús við Stykkishólm, með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Húsið er 94,7 fermetrar að stærð og byggt árið 2006, með tvö svefnherbergi, auk svefnlofts og getur rúmað allt að átta manns. Við húsið er heitur pottur. Kaupverð er 63 m.kr.

Umræður

Tilboðið var lagt fyrir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Halla óskar eftir samþykki fyrir því að lengja fundinn til kl. 21:15, engar athugasemdir voru gerðar við það.

12. ADHD verkefni og geðheilbrigðismál

Fyrir fundinum lá skjalið „ADHD samtökin, tillaga um styrk“ til afgreiðslu.

Halla rifjaði upp að VR hafi borist beiðni frá ADHD samtökunum um samstarfsverkefni sem miðar að því að styrkja stöðu launafólks með ADHD. Um er að ræða fræðsluverkefni til nokkurra ára með það að markmiði að veita fyrirtækjum og stofnunum grunnupplýsingar um ADHD og bjóða þeim fræðslu og ráðgjöf í því skyni að bæta vinnustaðina, auka starfsánægju, hámarka afköst og auðvelda fólki með ADHD að finna sér stað á vinnumarkaði.

Lagt er til að VR styrki verkefni um 1 m.kr. á ári í 3 – 5 ár og væri styrkurinn hluti af styrkveitingum félagsins, að því gefnu að verkefnið verði fullfjármagnað.

Umræður

Tillagan var lögð í atkvæði fundarins og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

13. Kæra vegna meintra brota á siðareglum Leiðsagnar

Fyrir fundinum lágu skjölin „13.0 Minnisblöð um kæru vegna siðareglna Leiðsagnar“, „Drög að úrskurði vegna kvörtunar á félagsfundi Leiðsagnar í febrúar 2025“ ásamt fleiri gögnum til afgreiðslu.

VR barst kæra vegna meintra brota á siðareglum Leiðsagnar í byrjun árs 2025 þegar Leiðsögn var enn sjálfstætt stéttarfélag. Samkvæmt siðareglum Leiðsagnar var það stjórnar að taka við og fjalla um erindi sem varða brot á siðareglum. Leiðsögn sameinaðist VR frá og með 1. maí 2025 og frá þeim tíma tók stjórn VR við öllum réttindum og skyldum stjórnar Leiðsagnar. Það er því hlutverk stjórnar VR að taka á og úrskurða um kærana. VR kallaði eftir gögnum vegna þessarar kæru bæði frá kærendum og þeim sem taldir eru hafa brotið á siðareglunum og fór fyrir lögmann félagsins.

Niðurstaða félagsins er að málinu verði vísað frá. Tilefni kvörtunarinnar falli utan gildissviðs starfs- og siðareglna sem vísað er til, þar sem þær reglur ná eingöngu til stjórnar og trúnaðaraðila félagsins, skv. 1 gr. þeirra. Þá fjalli siðareglur leiðsögumanna um framkomu í starfi, ekki umræðu eða skoðanaskipti á fundum.

Umræður

Að umræðum loknum var úrskurður félagsins lagður fyrir stjórn sem staðfesti hann með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:15.